

**40. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, fimmtudaginn 24. júlí 2014 og hófst hann kl.  
17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)  
varaformaður, Halldór Traustason (HT) varamaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ)  
aðalmaður og Indriði Indriðason (II) formaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, sveitarstjóri

Undir þeim liðum sem lúta að málefnum MEÓ, sat forstöðumaður safnsins,  
Heiðrún Eva Konráðsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. 1407054 - Nefndarmenn í samráðsnefnd og varamenn**

Í samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sitja fyrir hönd  
Vesturbyggðar, bæjarráð en það skipa Friðbjörg Matthíasdóttir, Ásgeir  
Sveinsson og Magnús Jónsson. Til vara eru Nanna Jónsdóttir Gísli Ægir  
Ágústsson og Halldór Traustason.

Fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps sitja oddviti og varaoddviti, Indriði  
Indriðason og Ásgeir Jónsson.

Vegna málefna MEÓ eru þrír fulltrúar Vesturbyggðar og einn frá Tálknafirði  
og fulltrúi erfingja, Egill Ólafsson.

**2. 1407055 - Kjör formanns og varaformanns samráðsnendar.**

Lagt er til að Indriði Indriðason verði formaður samráðsnefndar og Friðbjörg  
Matthíasdóttir verði varaformaður.

Samþykkt samhljóða.

**3. 1407056 - Erindi frá BBA legal dags. 2. júní 2014.**

Til kynningar.

**4. 1407057 - Brunnatryggingar vegna MEO.**

Til kynningar.

**5. 1407058 - Beiðni um vernd á munum, erindi frá Guðmundi Bjarnasyni.**

Stjórn MEÓ, þakkar bréfitara erindið og það rausnarlega boð sem þar  
kemur fram. Núverandi húsakostur safnsins er hinsvegar þannig að ekki er  
mögulegt að koma mununum fyrir svo þeim sé sómi sýndur. Því sér stjórn  
MEÓ sér ekki fært að þiggja þessa höfðinlegu gjöf.

**6. 1407059 - Reglur um vinnulag vegna fjárveitinga Vesturbyggðar og  
Tálknafjarðarhrepps til Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti**

Erindið er kynnt og er formanni falið að gera breytingar í samræmi við umræður á fundinum, og leggja umræddar reglur fram á næsta fundi samráðsnefndar.  
Samþykkt samhljóða.

**7. 1407060 - Yfirlit um fjárframlög til MEÓ**

Til kynningar.

**8. 1407061 - Önnur mál.**

Rætt var sameiginleg mál.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

---

---

---

---

---

---

---

---